

**Nd.**

**316. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um notkun bifreiða.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Eigi er leyfilegt að nota bifreiðar á vegum fyr en klaki er farinn úr þeim og veginir orðnir þurir.

Á veginum frá Reykjavík og austur yfir Hellisheiði er umferð bifreiða, á tímabilinu frá 20. júní til 10. júlí, og frá 20. sept. til 20. okt., bönnuð frá kl. 6 að morgni til kl. 10 síðdegis, nema að eins 2 daga í viku, sunnudaga og miðvikudaga. Að öðru leyti getur stjórnarráðið, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum eða vegaköflum með öllu, eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð álitst hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð.

2. Við 7. gr.

Á eftir orðunum í fyrri málslíð greinarinnar: »gefur merki« komi: með því að rjetta upp bægri hendina.